



Spá Greiningar Glitnis um gengi krónu

	GVT	Evra	Dollar
2F 2007	116	86	64
3F 2007	116	85	62
4F 2007	116	86	63
1F 2008	117	87	63
2F 2008	120	88	64
3F 2008	127	94	68
4F 2008	129	95	69
1F 2009	125	93	68
2F 2009	125	92	67

Breyting í gengis- og stýrivaxtasþá

Horfur í hagþróun hér á landi hafa færst heldur í þá átt að hæggar dragi úr þenslu í þjóðarþúskapnum en við töldum áður. Verðbólga hjaðnaði hæggar í júlí en við spáðum og undirleggjandi verðbólguþrýstingur er enn mikill. Þá hefur eignaverð farið hækkandi að undanfögnu. Stýrivextir gætu því haldist lengur háir en við áður töldum. Reiknum við þó enn með því að Seðlabankinn taki að lækka stýrivexti sína í mars á næsta ári en að lækknarferlið verði nokkuð hægara en við spáðum áður. Þetta mun styðja við gengi krónunnar á næstu mánuðum.

Gengi krónunnar hefur náð sínu hæsta gildi á árinu

Frá því að síðasta gengisspá okkar var birt hefur krónan veikt um ríflega 7%. Ástæður lækknarinnar hafa ekki síst verið umrót á erlendum fjármálamörkuðum og aukin áhættufælni fjárfesta. Þetta hefur komið ofan í grunnan gjaldeyrismarkað þar sem gengi krónunnar hefur verið hátt og talsvert ójafnvægi á hagkerfinu sem lýsir sér í miklum viðskiptahalla og verðbólgu. Flókt gengisins hefur við þessar aðstæður verið mikið. Teljum við að gengisvísitala erlendra gjaldmiðla hafi þegar náð sínu lægsta gildi á árinu.

Evran í 96 kr. og dollarinn í 70 kr. á næsta ári

Við teljum að sú mikla gengislækkun sem verið hefur undanfarna daga muni ganga til baka að hluta, og að gengi krónunnar haldist tiltölulega hátt á næstu mánuðum á meðan vaxtamunur við útlönd minnkar ekki að neinu marki. Útistandandi krónubréf nema nú alls 412 mö.kr. að nafnvirði. Þar af falla 102 ma.kr. á gjalddaga á yfirstandandi ársfjórðungi og langstærsti hlutinn, eða 82,5 ma.kr. í september. Við teljum að meginþorra þeirrar stöðu verði framlengt og að áhrif á krónuna verði því lítil þegar upp er staðið.

Vaxtamunur mun hins vegar dragast nokkuð saman á næstu misserum en útlit er fyrir að erlendir skammtímavextir fari hækkandi á sama tíma og innlendir vextir lækka. Við spáum því að gengi krónunnar lækki á næsta ári og að gengisvísitalan fari hæst í 130 stig á haustmánuðum 2008, en krónan taki þá að styrkjast á ný. Við teljum að gengisvísitala í 130 stigum stuðli að jafnvægi til meðallangs tíma en þá er dollarinn í 70 krónum og evran í 96 krónum. Nú er gengisvísitalan nærri 120 stigum, dollarinn í 65 kr. og evran í 89 kr.

Skilyrði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum stór áhættuþáttur

Helstu óvissuþættir til herra gengis krónu en við spáum eru áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir og aðrir þeir þættir sem stuðla að hærri stýrivöxtum á næstunni en við spáum. Helstu óvissuþættir til lægra gengis krónu eru enn aukin áhættufælni fjárfesta. Áhættufælni fjárfesta hefur aukist að undanfögnu og þegar hefur viðsnúnings á vaxtamunarviðskiptum orðið vart víða um heim. Hefur Ísland ekki farið varhluta af þeim viðsnúningi. Verði framhald á þessari þróun er líklegt að flótti verði frá Íslandi þar sem dýpt gjaldeyrismarkaðar er lítil og hafi í för með sér snarpa lækknun á gengi krónunnar. Þá geta mikið ójafnvægi hagkerfisins, miklar erlendar skuldir innlendra aðila og stórar stöður erlendra aðila með krónunni á skömmum tíma kallað fram talsverða gengislækkun krónunnar.

Stýrivextir lækka hratt á næsta ári

Næsta vaxtatilkynning Seðlabankans er 6. september næstkomandi. Við búumst við að bankinn haldi vöxtum sínum óbreyttum í 13,3%. Við teljum að Seðlabankinn hefji stýrivaxtalækkunarferli sitt samhliða útgáfu Peningamála í mars á næsta ári og að bankinn lækki þá vexti sína í 13%. Við spáum því að stýrivextir verði lækkaðir nokkuð hratt á næsta ári og standi í 9,25% í árslok 2008.

Óvissuþættir til hækkunar spárinna eru áframhaldandi stóriðjuþyppbygging og framhald á því ójafnvægi sem einkennt hefur þjóðarbúið. Þá er gengið stór áhættuþáttur, en Seðlabankinn hefur lýst því yfir að veikt gengið verulega með tilheyrandi verðbólguþrýstingum þá muni það seinka og hægja á stýrivaxtalækkunarferlinu. Óvissuþættir til lækknar spárinna eru bakslag í innlendra hagþróun vegna hérlendra eða erlendra áfalla. Þá myndu bjartari verðbólguhorfur virka í sömu átt. Óvissan er þó heldur í þá átt að vöxtum verði haldið háum lengur og að lækknarferlið verði hægara en við spáum.

Næstu vaxtaákvörðunardagar Seðlabanka og spá Greiningar Glitnis

Dags.	Fréttatilkynning	Spá Greiningar	Stýrivextir
6. sept. '07	Fréttatilkynning	óbreyttir vextir	13,30%
1. nóv. '07	Peningamál	óbreyttir vextir	13,30%

Stýrivextir, ársmeðaltöl:	Nafnvextir	Áv.krafa
2007	13,3%	14,2%
2008	11,9%	12,6%
2009	7,7%	8,0%